121 Athgs.1. Farardagur frá Kaupmannahöfn og Reykjavík er fastákveðinn. Við milli-stöðvarnar er tiltekinn sá tími, er skipið í fyrsta lagi getur farið á; en farþegar mega vera við því búnir, að það verði síðar. Gangi ferðin vel, getur skipið komið nokkrum dögum fyrri til Kaupmannahafnar og Reykjavíkur en tiltekið er, en það getur líka orðið síðar, eins og auðvitað er. Viðstaðan á millistöðvunum er höfð sem allra-stytzt, verði þangað annars komizt fyrir veðurs sakir eða íss. Það skal sjerstaklega tekið fram, að á *Stykkishólm*, *Skagaströnd* og *Berufjörð* verður því að eins komið, að veður leyfi.

Athgs. 2. Á *Vestmannaeyjum* er komið við í hverri ferð sunnan um land, ef kringumstæður leyfa. Eptir komuna til Reykjavíkur er í hvert skipti farið til Hafnarfjarðar, ef skipið hefur meðtekið flutningsgóz þangað.

Athgs. 3. Enn fremur er komið við í *Klaksvík* á Færeyjum í annari ferðinni bæði á útleiðinni og á utanleiðinni og á 3. og 12. ferð á útleiðinni, og loksins, ef góður farmur býðst, á 6. og 8. ferðinni út og utan.

Athgs. 4. Banni ís skipunum fyrirætlaða leið norðan um land, verða þeir farþegar, er ætla á einhvern stað, sem ekki verður komizt að, látnir fara í land á næstu höfn, sem komizt verður inn á. Vilji þeir heldur verða með skipinn til annarar hafnar, mega þeir það. Farareyri verður engum skilað aptur, þótt svo beri til, og fæðispeninga verða farþegar að greiða, meðan þeir eru innan borðs. Við slík tækifæri verður farið á sama hátt með flutningsgóz. Skipstjórarnir ráða, hvort þeir afferma það á næstu höfn, sem komizt verður inn á, eða hafa það með sjer lengra og skila því á sinn samastað í apturleiðinni.

122 **Reikningságrip**

Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1882.

	Tekjur:		Kr.	A.
1.	Eptirstöðvar við árslok 1881 (Stjórnartíð. 1882, B. 25.)		66550	25
2.	Leigur af vaxtafje sjóðsins		2537	35
3.	Borgað af lánum einstakra manna		2974	68
4.	Ný skuldabrjef, er sjóðurinn hefur eignazt		2900	00
		Tekjur samtals	74962	28

	Gjöld:			Kr.	A.
1.	Kennslustyrkur og uppeldisstyrkur veittur fátækum börnum í Kjalarnesþingi			2465	00
2.	Lánað út á árinu			2900	00
3.	Til jafnaðar móti 3. tekjulið			2974	68
4.	Eptirstöðvar við árslok 1882:				
	a. ríkisskuldabrjef	29190 kr.	00 a.		
	b. skuldabrjef einstakra manna	36692 —	81 -		
	c. ógoldnir vextir	103 —	16 -		
	d. í peningum	636 —	63 -	66622	60
			Gjöld samtals	74962	28

Reykjavík 20. nóvember 1883.

Magnús Stephensen, settur. *P. Pjetursson.*

ÓVEITT SÝSLAN.

ÞINGEYRAKLAUSTURSUMBOÐ. Hefur umboðsmaður í laun sjöttung ($^1/_6$ eða $16^2/_3$ %) af jarðaafgjöldum þeim, er hann innheimtir, en verður að standa landssjóði skil á þeim í peningum eptir verðlagsskrá, þó þau sjeu greidd honum í landaurum. Sýslanin verður veitt frá fardögum 1884. Bónarbrjef eiga að stílast til landshöfðingja, en sendast amtmanninum yfir norður- og austuramtinu fyrir lok febrúarmánaðar 1884.